

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/76/EB

2005/EES/16/33

frá 4. desember 2000

um brennslu úrgangs (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
l. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í  
251. gr. sáttmálans <sup>(4)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sem  
sáttanefndin samþykkti 11. október 2000,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í fimmtu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála:  
„Fram til sjálfbærar — stefna og framkvæmdaáætlun  
bandalagsins um umhverfi og sjálfbæra þróun“, aukin  
með ákvörðun nr. 2179/98/EB um endurskoðun  
hennar <sup>(5)</sup>, er sett það markmið að ekki sé farið yfir  
hættumörk að því er varðar ákveðin mengunarefni svo  
sem köfnunarefnisoxíð ( $\text{NO}_x$ ), brennisteinsdíoxíð  
( $\text{SO}_2$ ), þungmálma og díoxín en að því er loftgæði  
varðar er markmiðið að öllu fólki sé veitt haldgóð  
vernd gegn viðurkenndri heilsufarsáhættu af völdum  
loftmengunar. Í áætluninni er enn fremur sett það  
markmið að eigi síðar en 2005 hafi verið dregið um  
90% úr losun díoxíns af völdum upptaka sem tilgreind  
hafa verið (gildi fyrir 1985) og dregið verði úr losun  
frá öllum losunarleiðum kadmíums (Cd), kvikasilfurs  
(Hg) og blýs (Pb) um a.m.k. 70%, miðað við losun  
1995.
- 2) Í bókuninni um þrávirk, lífræn mengunarefni, sem  
bandalagið undirritaði innan ramma samnings  
efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu  
um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, eru  
sett lagalega bindandi viðmiðunarmörk fyrir losun  
díoxína og fúrana sem eru eftirfarandi: eiturhrifa-  
jafngildi sem nemur  $0,1 \text{ ng/m}^3$  fyrir stöðvar þar sem  
brennt er meira en 3 tonnum á klukkustund af föstum  
heimilis- og rekstrarúrgangi, eiturhrifajafngildi sem  
nemur  $0,5 \text{ ng/m}^3$  fyrir stöðvar þar sem brennt er meira

en 1 tonni á klukkustund af úrgangi sem fellur til við  
lækningar og eiturhrifajafngildi sem nemur  $0,2 \text{ ng/m}^3$   
fyrir stöðvar þar sem brennt er meira en 1 tonni á  
klukkustund af hættulegum úrgangi.

- 3) Í bókuninni um þungmálma, sem bandalagið  
undirritaði innan ramma samnings efnahagsnefndar  
Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um loftmengun  
sem berst langar leiðir milli landa, eru sett eftirfarandi  
lagalega bindandi viðmiðunarmörk fyrir losun:  $10 \text{ mg/m}^3$   
fyrir losun agna vegna brennslu hættulegs  
úrgangs og úrgangs sem fellur til við lækningar,  $0,05 \text{ mg/m}^3$   
fyrir losun kvikasilfurs vegna brennslu  
hættulegs úrgangs og  $0,08 \text{ mg/m}^3$  vegna brennslu  
heimilis- og rekstrarúrgangs.
- 4) Alþjóðakrabbameinsráðgjafstofnunin (IARC) og  
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hafa upplýst  
að nokkur fjölringa, arómatísk vetniskolefni séu  
krabbameinsvaldandi. Aðildarríkjunum er þar af  
leiðandi heimilt að setja viðmiðunarmörk fyrir losun  
fjölringa vetniskolefna, sem og annarra mengunarefna.
- 5) Í samræmi við dreifræðisregluna og meðalhófs-  
regluna, eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans, er  
nauðsynlegt að grípa til aðgerða á vettvangi  
bandalagsins. Í varúðarreglunni er kveðið á um  
grundvöll frekari ráðstafana. Í þessari tilskipun er  
einungis fjallað um lágmarkskröfur að því er varðar  
brennslu- og sambrennslustöðvar.
- 6) Enn fremur er í 174. gr. sáttmálans kveðið á um að  
umhverfisstefna bandalagsins sé að stuðla að því að  
vernda heilbrigði manna.
- 7) Því krefst víðtæk umhverfisvernd og heilsuvernd  
manna þess að ströng rekstrarskilyrði, tæknilegar  
kröfur og viðmiðunarmörk fyrir losun séu sett og  
þeim viðhaldið að því er varðar stöðvar sem brenna  
eða sambrenna úrgang innan bandalagsins. Viðmiðunarmörkin,  
sem sett eru, skulu koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem við verður komið,  
neikvæð áhrif á umhverfið og heilsufarsáhættu fyrir  
menn sem af þeim leiða.
- 8) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endur-  
skoðun á áætlun bandalagsins varðandi meðhöndlun  
úrgangs er fyrsta forgangsatriði að koma í veg fyrir  
tilurð úrgangs en þau næstu eru endurnotkun og  
endumýting og hið síðasta er örugg förgun úrgangs. Í  
ályktun sinni frá 24. febrúar 1997 um áætlun  
bandalagsins varðandi meðhöndlun úrgangs <sup>(6)</sup>  
ítrekaði ráðið sannfæringu sína um að það að koma í  
veg fyrir tilurð úrgangs skyldi vera fyrsta  
forgangsatriði í allri skynsamlegri stefnumörkun um  
úrgang með tilliti til þess að draga sem mest úr tilurð  
úrgangs og hættulegum eiginleikum úrgangs.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91. Hentar var  
getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2003 frá 16. maí  
2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn,  
sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 39,  
31.7.2003, bls. 23.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 13, 17.1.1998, bls. 6 og

Stjtið. EB C 372, 2.12.1998, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 116, 28.4.1999, bls. 40.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 198, 14.7.1999, bls. 37.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 14. apríl 1999 (Stjtið. EB C 219, 30.7.1999,  
bls. 249), sameiginleg afstaða ráðsins frá 25. nóvember 1999 (Stjtið. EB  
C 25, 28.1.2000, bls. 17) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. mars 2000  
(hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun  
Evrópuþingsins frá 16. nóvember 2000 og ákvörðun ráðsins frá  
20. nóvember 2000.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 138, 17.5.1993, bls. 1 og  
Stjtið. EB L 275, 10.10.1998, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB C 76, 11.3.1997, bls. 1.

- 9) Í ályktun sinni frá 24. febrúar 1997 undirstrikaði ráðið einnig mikilvægi bandalagsviðmiðana að því er varðar notkun úrgangs, nauðsyn þess að viðeigandi losunarstaðlar gildi fyrir brennslustöðvar, nauðsyn þess að hugað sé að vöktunarráðstöfunum fyrir starfandi brennslustöðvar og nauðsyn þess að framkvæmdastjórnin ihugi breytingar á löggjöf bandalagsins að því er varðar að nýta orku við brennslu úrgangs í því skyni að koma í veg fyrir umfangsmikla flutninga á úrgangi til brennslu eða sambrennslu innan bandalagsins.
- 10) Nauðsynlegt er að setja strangar reglur fyrir allar brennslu- eða sambrennslustöðvar í því skyni að koma í veg fyrir flutning á milli landa til stöðva þar sem rekstrarkostnaður er lægri sökum þess að umhverfisstaðlar þar eru ekki eins strangir.
- 11) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar „orka framtíðarinnar: endurnýjanlegir orkugjafir — hvítbók um skipulags- og aðgerðaáætlun bandalagsins“ tekur einkum tillit til notkunar lífmassa til orkuvinnslu.
- 12) Í tilskipun ráðsins 96/61/EB <sup>(1)</sup> er sett fram samþætt stefna um mengunarvarnir og eftirlit með mengun þar sem fjallað er á samþættan hátt um alla þætti er varða umhverfisáhrif stöðvar. Stöðvar til brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi, sem afkasta meiru en þremur tonnum á klukkustund, og stöðvar til förgunar eða endurnýtingar á hættulegum úrgangi, sem afkasta meiru en 10 tonnum á dag, falla undir gildissvið framangreindrar tilskipunar.
- 13) Það að viðmiðunarmörk fyrir losun, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, séu virt skal teljast nauðsynlegt en ekki fullnægjandi skilyrði fyrir því að kröfurnar í tilskipun 96/61/EB séu uppfylltar. Það að kröfurnar séu uppfylltar getur falið í sér strangari viðmiðunarmörk fyrir losun að því er varðar mengunarefni, sem fjallað er um í þessari tilskipun, viðmiðunarmörk fyrir önnur efni og aðrar stöðvar og önnur viðeigandi skilyrði.
- 14) Á tíu ára tímabili hefur fengist reynsla innan iðnaðarins á notkun aðferða við að draga úr losun mengunarefna frá brennslustöðvum.
- 15) Með tilskipunum ráðsins 89/369/EBE <sup>(2)</sup> og 89/429/EBE <sup>(3)</sup> um að koma í veg fyrir og draga úr loftmengun frá sorpbrennslustöðvum hefur verið stuðlað að því að draga úr og að eftirlit sé haft með losun frá brennslustöðvum út í andrúmsloftið. Nú ber að samþykkja strangari reglur og fella þessar tilskipanir niður í samræmi við það.
- 16) Munurinn á hættulegum og hættulitlum úrgangi grundvallast aðallega á eiginleikum úrgangs áður en hann er brenndur eða sambrenndur en ekki á þeim mun sem verður á losuninni. Sömu viðmiðunarmörk fyrir losun skulu gilda um brennslu og sambrennslu á hættulegum og hættulitlum úrgangi en viðhalda skal mismunandi aðferðum og skilyrðum varðandi brennslu eða sambrennslu og mismunandi vöktunarráðstöfunum eftir að úrgangur hefur verið móttekinn.
- 17) Aðildarríkin skulu taka tillit til tilskipunar ráðsins 1999/30/EB frá 22. apríl 1999 um viðmiðunargildi fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð og efnisagnir og blý í andrúmsloftinu <sup>(4)</sup> þegar þessi tilskipun kemur til framkvæmda.
- 18) Brennsla á hættulegum úrgangi sem inniheldur meira en 1% af halógenuðum, lífrænum efnum, sem eru gefin upp sem klór, verður að vera í samræmi við ákveðin rekstrarskilyrði til að díoxín og sem flest önnur lífræn mengunarefni eyðist.
- 19) Við brennslu á úrgangi, sem inniheldur klór, myndast efnaleifar í útblástursloftinu. Slíkar efnaleifar skal meðhöndla á þann hátt að magn þeirra og skaðsemi sé í lágmarki.
- 20) Gildar ástæður geta verið fyrir því að kveða á um tilteknar undanþágur frá viðmiðunarmörkum um losun fyrir sum mengunarefni í tiltekinn tíma og sem eru háðar sérstökum skilyrðum.
- 21) Fastsetja skal viðmiðanir fyrir tiltekinn flokkaðan, brennanlegan hluta hættulítils úrgangs sem hentar ekki til endurvinnslu þannig að heimilt sé að draga úr tíðni reglubundinna mælinga.
- 22) Það eykur lagalegan skýrleika og auðveldar framkvæmd lagaákvæða ef texti um brennslu úrgangs er aðeins einn. Aðeins ætti að vera ein tilskipun um brennslu og sambrennslu hættulegs og hættulítils úrgangs sem tekur að fullu tillit til efnis og efnisskipanar í tilskipun ráðsins 94/67/EB frá 16. desember 1994 um brennslu hættulegs úrgangs <sup>(5)</sup>. Því ber einnig að fella tilskipun 94/67/EB úr gildi.
- 23) Í 4. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang <sup>(6)</sup> er þess krafist að aðildarríkin grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að úrgangur sé endurnýttur eða að honum sé fargað án þess að heilbrigði manna sé stofnað í hættu eða að umhverfið skaðist. Í þessu skyni er í 9. og 10. gr. þeirrar tilskipunar kveðið á um að allar stöðvar eða fyrirtæki, sem meðhöndla úrgang, verði að fá leyfi frá lögbærum yfirvöldum sem varðar m.a. þær varúðarráðstafanir sem grípa skal til.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 163, 14.6.1989, bls. 32. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 203, 15.7.1989, bls. 50. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 163, 29.6.1999, bls. 41.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 34.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 350/96/EB (Stjtið. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).

- 24) Kröfurnar um nýtingu varmans, sem myndast við brennslu- eða sambrennsluferlið, og um að draga úr og endurvinnna efnaleifar, sem verða til vegna reksturs brennslu- eða sambrennslustöðva, munu stuðla að því að markmiðin í 3. gr. tilskipunar 75/442/EBE um forgangsröðun með tilliti til úrgangs náist.
- 25) Brennslu- og sambrennslustöðvar, sem meðhöndla einungis dýraúrgang, sem settar eru reglur um í tilskipun 90/667/EBE <sup>(1)</sup>, falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin hefur í hyggju að leggja til endurskoðun á kröfunum í tilskipun 90/667/EBE með það í huga að kveða á um stranga umhverfisstaðla varðandi brennslu- og sambrennslu dýraúrgangs.
- 26) Leyfið fyrir brennslu- eða sambrennslustöð skal einnig vera í samræmi við hvers kyns viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipunum 91/271/EBE <sup>(2)</sup>, 96/61/EB <sup>(3)</sup>, 96/62/EB <sup>(3)</sup>, 76/464/EBE <sup>(4)</sup> og 1999/31/EB <sup>(5)</sup>.
- 27) Sambrennsla úrgangs í stöðvum, sem ekki eru fyrst og fremst ætlaðar til að brenna úrgang, má ekki valda meiri losun á mengandi efnum í þeim hluta rúmmáls útblásturlofts sem verður til vegna sambrennslunnar en þeirri sem leyfið er fyrir brennslustöðvar þar sem eingöngu fer fram brennsla og ættu þar af leiðandi að vera háðar viðeigandi takmörkunum.
- 28) Þess er krafist að beitt sé áreiðanlegum mæliaðferðum við vöktun á losun til að tryggja að hún sé í samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun viðkomandi mengunarefna.
- 29) Setning viðmiðunarmarkna fyrir losun, að því er varðar úrgangsvatn frá hreinsun útblásturlofts frá brennslu- og sambrennslustöðvum, mun takmarka flutning mengunarefna úr lofti í vatn.
- 30) Mæla skal fyrir um ákvæði varðandi tilvik þar sem farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir losun, sem og stöðvanir, truflanir eða bilanir í hreinsi- eða mælibúnaði sem ekki er tæknilega mögulegt að koma í veg fyrir.
- 31) Til að tryggja gagnsæi leyfisveitingaferlisins í gervöllu bandalaginu skal almenningur hafa aðgang að upplýsingum svo hann geti tekið þátt í ákvörðunum sem taka þarf í kjölfar umsókna um ný leyfi og síðari uppfærslum á þeim. Almenningur skal

hafa aðgang að skýrslum um rekstur og vöktun stöðva sem brenna meira en þremur tonnum á klukkustund þannig að hann sé upplýstur um möguleg áhrif þeirra á umhverfið og heilbrigði manna.

- 32) Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins, sem byggist á reynslunni af beitingu þessarar tilskipunar, nýrri tæknipækkingu sem aflað er, þróun í tækni, framförum, sem verða með tilliti til aðferða við eftirlit með losun, og reynslunni, sem fæst við meðhöndlun úrgangs og rekstur stöðvanna, svo og af þróun umhverfiskrafna, með það í huga að leggja til, eftir því sem við á, að samþykkja breytingar á viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar.
- 33) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(6)</sup>.
- 34) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög sem við eiga um brot á ákvæðum þessarar tilskipunar og tryggja að þau komi til framkvæmda. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

### Markmið

Markmið þessarar tilskipunar er að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem við verður komið, neikvæð áhrif á umhverfið vegna brennslu eða sambrennslu á úrgangi, einkum mengun af völdum losunar út í andrúmsloftið, jarðveg, yfirborðsvatn og grunnvatn og hættuna sem heilbrigði manna stafar af henni.

Þessu markmiði skal náð með ströngum rekstrarskilyrðum og tæknikröfum, með því að setja viðmiðunarmörk fyrir losun að því er varðar brennslu- og sambrennslustöðvar innan bandalagsins og einnig með því að uppfylla kröfur tilskipunar 75/442/EBE.

*2. gr.*

### Gildissvið

1. Tilskipun þessi tekur til brennslu- og sambrennslustöðva.

<sup>(1)</sup> Tilskipun ráðsins 90/667/EBE frá 27. nóvember 1990 um reglur um heilbrigðiseftirlit með förgun og vinnslu skepnuúrgangs, markaðssetningu hans og ráðstafanir til að koma í veg fyrir lífandi smitefni í föðri úr dýraafurðum, þar á meðal fiskafurðum, og um breytingu á tilskipun 90/425/EBE (Stjtið. EB L 363, 27.12.1990, bls. 51). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (Stjtið. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/15/EB (Stjtið. EB L 67, 7.3.1998, bls. 29).

<sup>(3)</sup> Tilskipun ráðsins 96/62/EB frá 27. september 1996 um mat og stjórn á gæðum andrúmslofts (Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 55).

<sup>(4)</sup> Tilskipun ráðsins 76/464/EBE frá 4. maí 1976 um mengun af völdum tiltekinnna hættulegra efna sem losuð eru í vatn í bandalaginu (Stjtið. EB L 129, 18.5.1976, bls. 23). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

<sup>(5)</sup> Tilskipun 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. Eftirfarandi stöðvar falla hins vegar ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar:

a) Stöðvar sem einungis meðhöndla eftirfarandi úrgang:

- i) úrgangur úr jurtaríkinu frá landbúnaði og skógrækt,
- ii) úrgangur úr jurtaríkinu frá matvælavinnslu ef varminn, sem losnar, er nýttur,
- iii) trefjaríkur úrgangur úr jurtaríkinu frá framleiðslu á deigi úr nýjum trefjum og frá framleiðslu á pappír úr pappírsdeigi ef hann er sambrenndur á framleiðslustað og varminn, sem losnar, er nýttur,
- iv) viðarúrgangur, að undanskildum viðarúrgangi sem kann að innihalda halógenúð, lífræn efnasambönd eða þungmálma af völdum meðhöndlunar með viðarvarnarefnum eða frá efnum til yfirborðsmeðferðar og sem inniheldur einkum viðarúrgang frá byggingar- og niðurrífsstarfsemi,
- v) korkúrgangur,
- vi) geislavirkur úrgangur,
- vii) dýrahæ, eins og settar eru reglur um í tilskipun 90/667/EBE með fyrirvara um síðari breytingar,
- viii) úrgangur sem fellur til við leit að og nýtingu olíu- og gasauðlinda frá mannvirkjum á hafi úti og brennslu þeirra þar.

b) Tilraunastöðvar sem notaðar eru til rannsókna, þróunar og prófana í því skyni að bæta brennsluferlið og sem meðhöndla minna en 50 tonn af úrgangi á ári.

### 3. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „úrgangur“: hvers kyns úrgangur í föstu eða fljótandi formi eins og skilgreint er í a-lið 1. gr. í tilskipun 75/442/EBE;
2. „hættulegur úrgangur“: hvers kyns úrgangur í föstu eða fljótandi formi eins og skilgreint er í 4. mgr. 1. gr. í tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang <sup>(1)</sup>.

Sérkröfurnar um hættulegan úrgang í þessari tilskipun skulu ekki gilda um eftirfarandi, hættulegan úrgang:

- a) eldfiman, fljótandi úrgang, þ.m.t. olíuúrgang eins og hann er skilgreindur í 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs <sup>(2)</sup>, að því tilskildu að hann uppfylli eftirfarandi viðmiðanir:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjtið. EB L 168, 2.7.1994, bls. 28).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- i) massainnihald fjöklóraðra, arómatískra vetnis-kolefna, t.d. fjöklóraðra bifenylna (PCB) eða fimmmklóraðs fenóls (PCP), samsvari styrk sem er ekki meiri en sá sem er ákveðinn í viðeigandi bandalagslögjöf;

- ii) þessi úrgangur verði ekki hættulegur við það að innihalda önnur efni en þau sem skráð eru í II. viðauka við tilskipun 91/689/EBE í magni eða styrk sem samræmist ekki markmiðunum sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 75/442/EBE; og

- iii) nettóvarmagildi sé að minnsta kosti 30 MJ/kg,

- b) allan eldfiman, fljótandi úrgang sem veldur ekki annarri losun en þeirri sem stafar frá gasolíu, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/12/EBE <sup>(3)</sup> í útblásturslofti, sem stafar beint frá bruna hennar, eða meiri styrk losunar en þeim sem stafar frá bruna gasolíu sem þannig er skilgreind;

3. „blandaður heimilis- og rekstrarúrgangur“: úrgangur frá heimilishaldi, svo og úrgangur frá verslun, iðnaði og stofnunum sem vegna eðlis síns eða samsetningar líkist úrgangi frá heimilishaldi en að undanskildum hlutum sem tilgreindir eru í viðaukanum við ákvörðun 94/3/EB <sup>(4)</sup> undir númeri 20 01 og er safnað saman og haldið aðskildum þar sem þeir falla til og að undanskildum öðrum úrgangi sem tilgreindur er undir númeri 20 02 í þeim viðauka;

4. „brennslustöð“: staðbundin eða færanleg tæknieining ásamt búnaði sem er sérstaklega ætlaður til varmatengdrar meðhöndlunar á úrgangi hvort sem varminn, sem myndast við brennsluna, er nýttur eður ei. Þar með er talin brennsla úrgangs með oxun, sem og önnur varmatengd meðhöndlun, svo sem hitasundrun, gösun eða plasmameðferð, enda séu efnin, sem myndast við meðhöndlunina, brennd á eftir.

Þessi skilgreining tekur til allrar brennslustöðvarinnar og tilheyrandi svæðis, þ.m.t. allra brennslulína, móttöku úrgangs, geymslu, formeðhöndlunaraðstöðu á staðnum, kerfa sem veita úrgangi, eldsneyti og lofti til brennslustöðvarinnar, hitaketils, búnaðar til að meðhöndla útblástursloft, búnaðar á staðnum til að meðhöndla og geyma efnaleifar og úrgangsvatn, reykháfs, tækja og búnaðar til að stjórna brennslunni og sjá um skráningu og vöktun brennsluskilyrða;

5. „sambrennslustöð“: staðbundin eða færanleg stöð sem hefur þann megintilgang að framleiða orku eða framleiða vörur og

— sem notar úrgang sem venjulegt eða viðbótareldsneyti; eða

— þar sem úrgangur er varmameðhöndlaður þannig að unnt sé að farga honum.

<sup>(3)</sup> Tilskipun ráðsins 93/12/EBE frá 23. mars um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti (Stjtið. EB L 74, 27.3.1993, bls. 81). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/32/EB (Stjtið. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/3/EB frá 20. desember 1993 um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang (Stjtið. EB L 5, 7.1.1994, bls. 15).

Ef megintilgangur sambrennslustöðvarinnar er ekki að framleiða orku eða framleiða vörur heldur varmatengd meðhöndlun úrgangs skal líta á hana sem brennslustöð í skilningi 4. liðar.

Þessi skilgreining tekur til allrar brennslustöðvarinnar og tilheyrandi svæðis, þ.m.t. allra sambrennslulína, mótöku úrgangs, geymslu, aðstöðu til formeðhöndlunar á staðnum, kerfa sem veita úrgangi, eldsneyti og lofti til brennslustöðvarinnar, hitaketils, búnaðar til að meðhöndla útblástursloft, búnaðar á staðnum til að meðhöndla og geyma efnaleifar og úrgangsvatn, reykháfs, tækja og búnaðar til að stjórna brennslunni og sjá um skráningu og vöktun brennsluskilyrða;

6. „starfandi brennslu- eða sambrennslustöð“ er brennslu- eða sambrennslustöð:

- sem er í rekstri og hefur leyfi í samræmi við gildandi bandalagslöggjöf fyrir 28. desember 2002 eða
- sem veitt hefur verið leyfi eða er skráð til brennslu eða sambrennslu og hefur leyfi sem er gefið út fyrir 28. desember 2002 í samræmi við gildandi bandalagslöggjöf, enda hefjist starfsemi stöðvarinnar eigi síðar en 28. desember 2003 eða
- sem, að því er varðar lögbært yfirvald, hefur sent inn fullgilda umsókn um leyfi fyrir 28. desember 2002, enda hefjist starfsemi stöðvarinnar eigi síðar en 28. desember 2004;

7. „nafnaköst“: samanlögð afköst brennsluofna stöðvar samkvæmt lýsingu framleiðanda og staðfestingu rekstraraðila, einkum með tilliti til varmagildis úrgangsins sem tilgreint er sem magn úrgangs sem brennt er á klukkustund;

8. „losun“: bein eða óbein losun efna, titrings, hita eða hávaða frá stökum eða dreifðum losunarstöðum í stöðinni út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg;

9. „viðmiðunarmörk fyrir losun“: massi, gefinn upp í tengslum við tilteknar færðbreytur, styrk og/eða losunarmagn, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum;

10. „díoxín og fúrón“: öll fjölkloruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrón sem eru tilgreind í I. viðauka;

11. „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir stöð eða, þar sem kveðið er á um slíkt í innlendum lögum, hefur fengið í hendur fjárhagslegt úrskurðarvald yfir tæknilegri starfsemi stöðvarinnar;

12. „leyfi“: skrifleg ákvörðun (eða nokkrar slíkar ákvarðanir) lögbærs yfirvalds er veitir leyfi til að reka stöðina, að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem tryggja að hún sé í samræmi við allar kröfur í þessari tilskipun.

Leyfi getur tekið til einnar stöðvar eða fleiri, í heild eða að hluta, sem eru staðsettar á sama stað og sami aðili rekur;

13. „efnaleif“: allt fljótandi eða fast efni (þ.m.t. botnaska og gjall, svifaska og ketilryk, föst myndefni frá hreinsun reyks, skólpeðja frá meðhöndlun úrgangsvatns, notaðir hvatar og notuð, virk kol) skilgreint sem úrgangur í a-lið 1. gr. í tilskipun 75/442/EBE sem fellur til við brennslu- eða sambrennsluferlið, meðhöndlun útblásturslofts eða úrgangsvatns eða önnur ferli innan brennslu- eða sambrennslustöðvarinnar.

4. gr.

### Umsókn og leyfi

1. Með fyrirvara um 11. gr. í tilskipun 75/442/EBE eða 3. gr. í tilskipun 91/689/EBE skal ekki starfrækja brennslu- eða sambrennslustöð án leyfis til slíkrar starfsemi.

2. Með fyrirvara um tilskipun 96/61/EB skal umsókn um leyfi fyrir brennslu- eða sambrennslustöð til lögbærs yfirvalds fela í sér lýsingu á þeim ráðstöfunum sem fyrirhugaðar eru til að tryggja að:

- stöðin sé hönnuð, búin og verði starfrækt með þeim hætti að kröfurnar í þessari tilskipun verði uppfylltar með tilliti til þeirra flokka úrgangs sem á að brenna;
- varminn, sem myndast við brennslu- og sambrennsluferlið, sé nýttur eftir því sem við verður komið, t.d. til varma- og raforkuvinnslu, gufuframleiðslu eða fjarhitunar;
- dregið verði úr magni og skaðsemi efnaleifa og þær endurunnar eftir því sem við á;
- förgun þeirra efnaleifa, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir, draga úr eða endurvinna, skuli fara fram í samræmi við innlenda löggjöf og löggjöf bandalagsins.

3. Einungis skal veita leyfið ef sýnt er fram á í umsókninni að fyrirhugaðar mæliaðferðir fyrir losun út í andrúmsloftið séu í samræmi við III. viðauka og í samræmi við 1. og 2. mgr. III. viðauka að því er varðar vatn.

4. Auk þess að vera í samræmi við hvers kyns gildandi kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipunum 91/271/EBE, 96/61/EB, 96/62/EB, 76/464/EBE og 1999/31/EB skal í leyfinu, sem lögbært yfirvald veitir fyrir brennslu- eða sambrennslustöð:

- vera skilmerkileg skrá yfir þá flokka úrgangs sem heimilt er að meðhöndla. Í skránni skal a.m.k. notast við þá flokka úrgangs sem settir eru upp í evrópsku úrgangsskránni, ef mögulegt er, og skal hún innihalda upplýsingar um magn úrgangs eftir því sem við á;

b) vera að finna heildarafkastagetu stöðvarinnar til brennslu- eða sambrennslu úrgangs;

c) vera tilgreindar sýnatöku- og mæliaðferðir sem notaðar eru til að uppfylla skuldbindingar sem kveðið er á um varðandi reglulegar mælingar á einstökum mengunarfnum í andrúmslofti og vatni.

5. Í leyfinu, sem lögbært yfirvald veitir brennslu- eða sambrennslustöð þar sem notaður er hættulegur úrgangur, skal til viðbótar við 4. mgr.:

a) vera skrá yfir magn mismunandi flokka hættulegs úrgangs sem heimilt er að meðhöndla;

b) vera tilgreint lágmarks- og hámarksmassaflæði þessa hættulega úrgangs, lágmarks- og hámarksvarmagildi og hámarksinnihald mengunarefna, t.d. PCB-efna, PCP-efna, klórs, flúors, brennisteins og þungmálma.

6. Með fyrirvara um ákvæði sáttmálans er aðildarríkjunum heimilt að setja saman skrá yfir þá flokka úrgangs sem hægt er að sambrenna í skilgreindum flokkum sambrennslustöðva og koma skulu fram í leyfinu.

7. Með fyrirvara um tilskipun 96/61/EB skal lögbært yfirvald endurskoða skilyrði leyfisins reglulega og uppfæra þau ef nauðsyn krefur.

8. Ef rekstraraðili brennslu- eða sambrennslustöðvar fyrir hættulítinn úrgang fyrirhugar breytingar á rekstrinum sem myndu fela í sér brennslu eða sambrennslu á hættulegum úrgangi skal líta á það sem verulega breytingu í skilningi b-liðar 10. mgr. 2. gr. í tilskipun 96/61/EB og 2. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar gildir.

9. Ef brennslu- eða sambrennslustöð uppfyllir ekki skilyrði leyfisins, einkum viðmiðunarmörkin fyrir losun í andrúmsloft og vatn, skal lögbæra yfirvaldið grípa til aðgerða til að sjá til þess að skilyrðin verði uppfyllt.

5. gr.

### Afhending og móttaka úrgangs

1. Rekstraraðili brennslu- eða sambrennslustöðvarinnar skal grípa til allra nauðsynlegra varúðarráðstafana varðandi afhendingu og móttöku úrgangs í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem við verður komið, neikvæð áhrif á umhverfið, einkum mengun andrúmsloftsins, jarðvegs, yfirborðsvatns og grunnvatns, sem og lykt og

hávaða og beina áhættu fyrir heilbrigði manna. Þessar ráðstafanir skulu a.m.k. uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 3. og 4. mgr.

2. Rekstraraðilinn skal ákvarða massann fyrir hvern flokk úrgangs, samkvæmt evrópsku úrgangsskránni ef mögulegt er, áður en tekið er við úrgangi í brennslu- eða sambrennslustöð.

3. Áður en tekið er við hættulegum úrgangi í brennslu- eða sambrennslustöð skal rekstraraðilinn hafa tiltækar upplýsingar um úrganginn í því skyni að sannprófa m.a. að kröfurnar fyrir leyfinu, sem tilgreindar eru í 5. mgr. 4. gr., séu uppfylltar. Upplýsingarnar skulu taka til:

a) allra stjórnsýsluupplýsinga um myndunarferlið sem er að finna í skjölunum sem um getur í a-lið 4. mgr.;

b) eðlisfræðilegar og, eftir því sem við verður komið, efnafræðilegar samsetningar úrgangsins og allra annarra upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að meta hvort hann henti fyrir fyrirhugað brennsluferli;

c) hættulegra eiginleika úrgangsins, efna sem ekki má blanda honum saman við og varúðarráðstafana sem grípa skal til við meðhöndlun úrgangsins.

4. Áður en tekið er við hættulegum úrgangi í brennslu- eða sambrennslustöðinni skal rekstraraðilinn a.m.k. beita eftirfarandi málsmeðferð:

a) kænnað verði þau skjöl sem krafist er samkvæmt tilskipun 91/689/EBE og, þar sem við á, þau sem krafist er samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu <sup>(1)</sup> og samkvæmt reglugerðum um flutning hættulegs farms;

b) tekin verði dæmigerð sýni, nema það eigi ekki við, t.d. fyrir smitandi, klínískan úrgang, eftir því sem við verður komið áður en afferming fer fram, til að sannprófa að hann sé í samræmi við upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. mgr. um framkvæmd eftirlits og til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sanngreina eðli úrgangsins sem er meðhöndlaður. Þessi sýni skulu geymd í a.m.k. einn mánuð eftir að brennsla fer fram.

5. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að veita undanþágur frá 2., 3. og 4. mgr. fyrir iðjuver og fyrirtæki sem brenna eða sambrenna einungis eigin úrgang á staðnum þar sem hann fellur til, að því tilskildu að kröfurnar í þessari tilskipun séu uppfylltar.

6. gr.

### Rekstrarskilyrði

1. Brennslustöðvar skulu starfræktar á þann hátt að bruninn verði þannig að heildarmagn lífræns kolefnis í gjalli og botnösku sé minna en 3% eða að glæðitapið sé minna en 5% af þurrviggt efnisins. Nota skal viðeigandi aðferðir til formeðhöndlunar úrgangs ef nauðsynlegt er.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2408/98 (Stjtið. EB L 298, 7.11.1998, bls. 19).

Brennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar með þeim hætti að lofttegundir, sem myndast við vinnsluna, séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brunalofts á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 850 °C í tvær sekúndur hið minnsta, eins og mælt er nálægt innvegg brunahólfsins eða öðrum dæmigerðum punkti brunahólfsins eins og heimilað er af lögbæra yfirvaldinu. Ef brenndur er hættulegur úrgangur sem inniheldur meira en 1% af halógenudum, lífrænum efnum, gefið upp sem klór, verður að hækka hitann í 1100 °C í a.m.k. tvær sekúndur.

Hver lína brennslustöðvarinnar skal búin a.m.k. einum aukabrennara. Þessi brennari skal ræsast sjálfvirkt þegar hiti brennslu lofttegunda frá brennslu eftir síðustu inndælingu brunalofts fellur niður fyrir 850 °C eða 1100 °C eftir því sem við á. Einnig skal nota hann við ræsingu eða stöðvun vinnslu í stöðinni í því skyni að tryggja að ávallt sé haldið 850 °C eða 1100 °C hita meðan starfsemi fer fram og meðan óbrenndur úrgangur er í brunahólfinu.

Við ræsingu eða stöðvun eða þegar hiti brennslu lofts fer niður fyrir 850 °C eða 1100 °C, eftir því sem við á, má ekki láta aukabrennarann ganga fyrir eldsneyti sem hefur í för með sér meiri losun en þá sem verður við brennslu gasolíu samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 75/716/EBE, fljótandi gass eða jarðgass.

2. Sambrennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar með þeim hætti að lofttegundir, sem myndast við sambrennsluna, séu hitaðar á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður upp í a.m.k. 850 °C í tvær sekúndur hið minnsta. Ef sambrenndur er hættulegur úrgangur sem inniheldur meira en 1% af halógenudum, lífrænum efnum, gefið upp sem klór, verður að hækka hitann í 1100 °C.

3. Brennslu- og sambrennslustöðvar skulu vera búnar sjálfvirku kerfi til að koma í veg fyrir að úrgangur fari til meðhöndlunar:

- a) við ræsingu þar til náðst hefur hiti, sem nemur 850 °C eða 1100 °C, eftir því sem við á, eða hitinn sem tilgreindur er í 4. mgr.;
- b) ef ekki tekst að halda hita, sem nemur 850 °C eða 1100 °C, eftir því sem við á, eða hitanum sem tilgreindur er í 4. mgr.;
- c) þegar samfelldu mælingarnar, sem krafist er í þessari tilskipun, sýna að farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir losun vegna truflana eða bilana í hreinsibúnaði.

4. Lögbær yfirvöld mega heimila önnur skilyrði en þau sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og, að því er varðar hitastigið, í 3. mgr. og tilgreind eru í leyfinu fyrir ákveðna

flokka úrgangs eða fyrir ákveðna varmatengda meðhöndlun, enda séu kröfurnar í þessari tilskipun uppfylltar. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur sem gilda um þessi leyfi. Breytingin á rekstrarskilyrðunum skal ekki valda meiri efnaleifum eða efnaleifum sem innihalda meira af lífrænum mengunarefnum en þær efnaleifar sem hægt er að búast við samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

Lögbær yfirvöld mega heimila önnur skilyrði en þau sem mælt er fyrir um í 2. mgr. og, að því er varðar hitastigið, í 3. mgr. og tilgreind eru í leyfinu fyrir ákveðna flokka úrgangs eða fyrir ákveðna varmatengda meðhöndlun enda séu kröfurnar í þessari tilskipun uppfylltar. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur sem gilda um þessi leyfi. Slíkt leyfi skal vera háð því skilyrði að uppfyllt séu a.m.k. ákvæðin fyrir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í V. viðauka fyrir heildarmagn lífræns kolefnis og kolsýrings.

Að því er varðar sambrennslu á eigin úrgangi á þeim stað þar sem hann fellur til í barkarkötlum sem eru í notkun í pappírsideigs- og pappírsiðnaðinum skal slíkt leyfi vera háð því skilyrði að uppfyllt séu a.m.k. ákvæðin að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í V. viðauka fyrir heildarmagn lífræns kolefnis.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll rekstrarskilyrði, sem ákvörðuð eru samkvæmt þessari málsgrein, og niðurstöður sannprófana sem gerðar eru og eru hluti upplýsinganna sem lagðar eru fram í samræmi við kröfurnar varðandi skýrslugjöf.

5. Brennslu- og sambrennslustöðvar skulu hannaðar, útbúnar og starfræktar þannig að koma megi í veg fyrir losun í andrúmsloftið sem veldur verulegri loftmengun niðri við jörðu. Þess skal einkum gætt að losun útblásturslofts sé stjórnað og hún sé í samræmi við viðeigandi loftgæðastaðla bandalagsins um reykhláf en hæð hans er ákvörðuð þannig að heilbrigði manna og verndun umhverfisins séu tryggð.

6. Allur varmi, sem myndast við brennslu- eða sambrennsluferlið, skal nýttur eftir því sem við verður komið.

7. Setja skal smitandi, klínískan úrgang beint í ofninn án þess að blanda honum áður við aðra flokka úrgangs og án þinnar meðhöndlunar.

8. Stjórn brennslu- eða sambrennslustöðvarinnar skal vera í höndum einstaklings sem býr yfir nægri hæfni til að stjórna stöðinni.

7. gr.

#### Viðmiðunarmörk fyrir losun í andrúmsloftið

1. Brennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar með þeim hætti að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun í útblásturslofti sem sett eru í V. viðauka.

2. Sambrennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar, smíðaðar og starfræktar með þeim hætti að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun í útblásturslofti sem ákvörðuð eru í samræmi við eða sett í II. viðauka.

Ef meira en 40% af losuðum varma kemur frá brennslu hættulegs úrgangs í sambrennslustöð skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru í V. viðauka, gilda.

3. Niðurstöður mælinganna, sem eru gerðar til að sannprófa að viðmiðunarmörkin fyrir losun séu virt, skulu staðlaðar með tilliti til skilyrðanna sem mælt er fyrir um í 11. gr.

4. Ef um er að ræða sambrennslu á ómeðhöndluðum, blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi skulu viðmiðunarmörkin ákvörðuð í samræmi við V. viðauka og ákvæði II. viðauka gilda þá ekki.

5. Með fyrirvara um ákvæði sáttmálans er aðildarríkjum heimilt að setja viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir fjölrhinga vetniskolefni eða önnur mengunarefni.

8. gr.

#### Losun úrgangsvatns vegna hreinsunar á útblásturslofti

1. Losun á úrgangsvatni, sem fellur til við hreinsun á útblásturslofti frá brennslu- eða sambrennslustöð, skal vera háð leyfi sem lögbær yfirvöld veita.

2. Takmarka skal, eftir því sem við verður komið, losun úrgangsvatns, sem fellur til við hreinsun útblásturslofts, í vatn, og skal hún vera a.m.k. í samræmi við viðmiðunarmörkin um losun sem sett eru í IV. viðauka.

3. Ef kveðið er sérstaklega á um það í leyfinu má losa úrgangsvatn, sem fellur til við hreinsun á útblásturslofti, í vatn eftir sérstaka meðferð, að því tilskildu að:

a) kröfur í viðeigandi ákvæðum bandalagsins, innlendum og staðbundnum ákvæðum séu uppfylltar að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir losun og

b) massastyrkur mengandi efna, sem um getur í IV. viðauka, fari ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem þar er mælt fyrir um.

4. Viðmiðunarmörkin fyrir losun skulu gilda á þeim stað þar sem úrgangsvatnið, sem fellur til við hreinsun útblásturslofts sem inniheldur mengandi efnin sem um getur í IV. viðauka, er losað frá brennslu- eða sambrennslustöðinni.

Þar sem úrgangsvatn, sem fellur til við hreinsun útblásturslofts, er meðhöndlað á svæðinu ásamt öðru úrgangsvatni sem á sér önnur upptök á svæðinu skal rekstraraðilinn gera mælingar, sem um getur í 11. gr.:

a) á úrgangsvatninu þegar það kemur úr hreinsunarferlinu á útblástursloftinu áður en það er leitt inn í sameiginlegu hreinsistöðina fyrir úrgangsvatn;

b) á öðru úrgangsvatni áður en það er leitt í sameiginlegu hreinsistöðina fyrir úrgangsvatn;

c) á þeim stað þar sem úrgangsvatnið er að lokum losað frá brennslu- eða sambrennslustöðinni eftir hreinsun.

Rekstraraðilinn skal gera viðeigandi massajafnvægis-útreikninga til þess að ákvarða losunarmagn í endanlega úrgangsvatninu, sem hægt er að rekja til úrgangsvatns frá hreinsun útblásturslofts, í því skyni að hafa eftirlit með því að viðmiðunarmörk fyrir losun, sem sett eru í IV. viðauka fyrir úrgangsvatnið sem streymir frá hreinsunarferli útblástursloftsins, séu virt.

Ekki má undir neinum kringumstæðum þynna úrgangsvatnið til að viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru í IV. viðauka, séu virt.

5. Ef úrgangsvatn, sem fellur til við hreinsun útblásturslofts sem inniheldur mengandi efnin sem um getur í IV. viðauka, er hreinsað í hreinsistöð sem er einungis ætluð fyrir þess háttar úrgangsvatn og er utan brennslu- eða sambrennslustöðvarinnar skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun í IV. viðauka gilda á þeim stað þar sem úrgangsvatn fer frá hreinsistöðinni. Ef þessi hreinsistöð, sem ekki er á svæði brennslustöðvarinnar, er ekki eingöngu ætluð til að hreinsa úrgangsvatn frá brennslu skal rekstraraðilinn gera viðeigandi massajafnvægisútreikninga, eins og kveðið er á um í a-, b-, og c-lið 4. mgr., í því skyni að ákvarða losunarmagn í endanlegu úrgangsvatni sem hægt er að rekja til úrgangsvatns frá hreinsun útblásturslofts til að hafa eftirlit með því að viðmiðunarmörk fyrir losun, sem sett eru í IV. viðauka fyrir úrgangsvatnið sem streymir frá hreinsunarferli útblástursloftsins, séu virt.

Ekki má undir neinum kringumstæðum þynna úrgangsvatnið til að viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru í IV. viðauka, séu virt.

6. Í leyfinu skal:

a) fastsetja viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir þau mengandi efni, sem um getur í IV. viðauka, í samræmi við 2. mgr. og til að uppfylla kröfurnar sem um getur í a-lið 3. mgr.;

b) ákvarða færðbreytur fyrir rekstrareftirlit með úrgangsvatni, a.m.k. fyrir sýrustig, hitastig og rennsli.

7. Svæði brennslu- og sambrennslustöðva ásamt geymslu-svæðum fyrir úrgang, sem tengjast þeim, skulu hönnuð og starfrækt þannig að komið verði í veg fyrir losun, sem er óheimil eða verður fyrir slysi, á hvers kyns mengandi efnunum í jarðveg, yfirborðsvatn og grunnvatn í samræmi við ákvæðin sem kveðið er á um í viðkomandi bandalagslögjöf. Enn fremur skal sjá fyrir geymsluaðstöðu fyrir mengað afrennsli regnvatns frá svæði brennslu- eða sambrennslustöðva eða mengað vatn sem á rætur að rekja til leka eða slökkvistarfa.

Þessi geymsluaðstaða skal nægja til að tryggja að hægt sé að prófa og hreinsa slíkt úrgangsvatn áður en það er losað ef þurfa þykir.



8. Með fyrirvara um ákvæði sáttmálans er aðildarríkjunum heimilt að setja viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir fjölhringa vetniskolefni og önnur mengunarefni.

9. gr.

#### Efnaleifar

Draga skal úr magni og skaðsemi efnaleifa sem falla til við starfsemi brennslu- eða sambrennslustöðva. Endurvinnna skal efnaleifar, eftir því sem við á, beint í stöðinni eða fyrir utan hana í samræmi við viðeigandi bandalagslöggjöf.

Þurrar efnaleifar í formi ryks, t.d. ketilryk og þurrar efnaleifar, sem falla til við hreinsun brennsluoftegunda, skal flytja og geyma til bráðabirgða með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að þær dreifist út í umhverfið, t.d. í lokuðum ílátum.

Áður en ákvarðað er hvernig farga á eða endurvinnna efnaleifar frá brennslu- eða sambrennslustöðvum skal gera viðeigandi prófanir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og hugsanlega mengunarhættu af völdum hinna ýmsu efnaleifa frá brennslu. Greiningin skal taka til þess heildarhluta sem er uppleysanlegur og heildarhluta uppleysanlegra þungmálma.

10. gr.

#### Eftirlit og vöktun

1. Setja skal upp mælíbúnað og nota aðferðir til að vakta færðbreytur, skilyrði og massastyrk sem skipta máli í brennslu- eða sambrennsluferlinu.

2. Mæla skal fyrir um mælikröfur í leyfinu eða í skilyrðunum sem fylgja leyfinu sem lögbær yfirvöld gefa út.

3. Viðeigandi uppsetning og starfsemi sjálfvirkis vöktunarbúnaðar fyrir losun í andrúmsloft og í vatn skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir. Kvörðun skal fara fram með samhliða mælingum samkvæmt tilvísunar- aðferðunum á a.m.k. þriggja ára fresti.

4. Lögbæra yfirvaldið skal mæla fyrir um staðsetningu sýnatöku- og mælipunktanna.

5. Reglubundnar mælingar á losun í andrúmsloft og vatn skulu fara fram í samræmi við 1. og 2. lið í III. viðauka.

11. gr.

#### Mælikröfur

1. Aðildarríkjum ber að tryggja, annaðhvort með sérstökum skilyrðum í skilmálum leyfisins eða með almennum, bindandi reglum, að ákvæði 2. til 12. mgr. og 17. mgr., að því er varðar andrúmsloftið, og 9. mgr. og 14. til 17. mgr., að því er varðar vatn, verði uppfyllt.

2. Í brennslu- eða sambrennslustöðvum skal gera eftirfarandi mælingar á loftmengunarefnum í samræmi við III. viðauka:

a) samfelldar mælingar á eftirfarandi efnum: NO<sub>x</sub>, að því tilskildu að sett séu viðmiðunarmörk fyrir losun, CO, heildarmagni ryks, heildarmagni lífræns kolefnis, HCl, HF og SO<sub>2</sub>;

b) samfelldar mælingar á eftirtöldum færðbreytum er varða vinnsluna: hitastigi nálægt innvegg brunahólfins eða öðrum dæmigerðum punkti brunahólfins, eins og lögbæra yfirvaldið heimilar, styrk súrefnis, þrýstingi, hita og vatnsgufuinnihaldi í útblásturslofti;

c) minnst tvær mælingar á ári á þungmálmum og díoxínúum og fúrönum. Fyrstu 12 mánuði starfseminnar skal hins vegar mæla á a.m.k. þriggja mánaða fresti. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða mælitímabil ef þau hafa sett viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir fjölhringa vetniskolefni eða önnur mengunarefni.

3. Nauðsynlegt er að sannprófa með viðeigandi hætti dvalartíma, sem og lágmarkshita og súrefnisinnihald í útblásturslofti, a.m.k. einu sinni þegar brennslu- eða sambrennslustöðin er tekin í notkun og við óhagstæðustu rekstrarskilyrði sem búast má við.

4. Sleppa má samfelldum mælingum á HF ef HCl er meðhöndlað þannig að tryggt sé að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun fyrir saltsýru. Í því tilviki skal losun vetnisflúoríðs mæld reglulega eins og mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr.

5. Samfelldar mælingar á innihaldi vatnsgufu eru ekki nauðsynlegar ef sýni útblásturslofts er þurrkað áður en losunin er greind.

6. Lögbæra yfirvaldið má í leyfinu heimila reglubundnar mælingar, eins og mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr., á HCl, HF og SO<sub>2</sub> í stað samfelldra mælinga í brennslu- eða sambrennslustöðvum ef rekstraraðilinn getur sannað að losun þessara mengunarefna geti ekki undir neinum kringumstæðum verið meiri en viðmiðunarmörkin fyrir losun sem mælt er fyrir um.

7. Lögbæra yfirvaldið má í leyfinu heimila að dregið sé úr tíðni á reglubundnum mælingum á þungmálmum úr tvisvar á ári í einu sinni á tveggja ára fresti og á díoxínúum og fúrönum úr tvisvar á ári í einu sinni á ári, að því tilskildu að losun, sem stafar frá sambrennslu eða brennslu, sé minni en 50% af viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem ákvörðuð eru í samræmi við II. eða V. viðauka, og að því tilskildu að fyrir liggi viðmiðanir varðandi kröfurnar, sem uppfylla skal, og þær viðmiðanir hafi þróast í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. Þessar viðmiðanir skulu a.m.k. vera grundvallaðar á ákvæðunum í a- og d-lið annars undirliðar.

Til 1. janúar 2005 má heimila að dregið sé úr tíðninni jafnvel þótt engar slíkar viðmiðanir séu fyrirbyggjandi, að því tilskildu að:

- a) úrgangurinn, sem á að sambrenna eða brenna, samanstandi einungis af tilteknum, flokkuðum, brennanlegum hlutum hættulítills úrgangs sem ekki henta til endurvinnslu og hafa ákveðna eiginleika og sem eru tilgreindir frekar á grundvelli matsins sem um getur í undirlið d;
- b) innlendir gæðaviðmiðanir, sem hafa verið tilkynntar framkvæmdastjórninni, séu tiltækar fyrir þennan úrgang;
- c) sambrennsla og brennsla þessa úrgangs samræmist viðeigandi áætlunum um meðferð úrgangs sem um getur í 7. gr. tilskipunar 75/442/EBE;
- d) rekstraraðilinn geti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að losun sé við allar kringumstæður verulega fyrir neðan viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru í II. viðauka eða í V. viðauka fyrir þungmálma, díoxín og fúrön. Þetta mat skal grundvallast á upplýsingum um gæði úrgangsins, sem um er að ræða, og mælingunum á losun framangreindra mengunarefna;
- e) gæðaviðmiðanirnar og nýtt tímabil reglubundnu mælinganna séu tilgreind í leyfinu; og
- f) framkvæmdastjórninni sé tilkynnt árlega um allar ákvarðanir um tíðni mælinganna, sem um getur í þessari málsgrein, auk upplýsinga um magn og gæði úrgangsins sem um er að ræða.

8. Niðurstöður mælinganna, sem eru gerðar til að sannprófa að viðmiðunarmörkin fyrir losun séu virt, skulu umreiknaðar við eftirfarandi skilyrði og fyrir súrefni samkvæmt formúlunni eins og um getur í VI. viðauka:

- a) hitastig 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni, þurrt loft, í útblásturslofti brennslustöðva;
- b) hitastig 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 3% súrefni, þurrt loft, í útblásturslofti brennslustöðva fyrir olíuúrgang eins og hann er skilgreindur í tilskipun 75/439/EBE;
- c) ef úrgangurinn er brenndur eða sambrenndur í súrefnisauðguðu andrúmslofti er hægt að umreikna niðurstöður mælinganna til samræmis við súrefnisinnihald sem lögbær yfirvöld mæla fyrir um og endurspeglar hinar sérstöku aðstæður hverju sinni;
- d) að því er sambrennsla varðar skulu niðurstöður mælinganna umreiknaðar til samræmis við heildarsúrefnisinnihaldið sem er reiknað út í II. viðauka.

Ef dregið er úr losun mengunarefna með því að hreinsa útblástursloft í brennslu- eða sambrennslustöð þar sem hættulegur úrgangur er meðhöndlaður skal því aðeins umreikna niðurstöður, að því er varðar súrefnisinnihald sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, að súrefnisinnihald, sem mælt er á sama tímabili og fyrir mengunarefnið sem í hlut á, fari yfir viðeigandi, staðlað súrefnisinnihald.

9. Allar mæliniðurstöður skulu skráðar, unnar og settar fram á viðeigandi hátt í því skyni að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sannprófa hvort rekstrarskilyrðin, sem heimiluð eru, og viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, séu virt í samræmi við þá málsmeðferð sem þessi yfirvöld ákveða.

10. Líta skal svo á að viðmiðunarmörk fyrir losun í andrúmsloft séu virt ef:

- a) — ekkert af daglegu meðalgildunum fer yfir einhver viðmiðunarmarkanna fyrir losun sem sett eru í a-lið í V. viðauka eða í II. viðauka;
  - 97% af daglegu meðalgildunum yfir árið fara ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru í fyrsta undirlið e-liðar í V. viðauka;
- b) ekkert af 30 mínútna meðalgildunum fer yfir einhver viðmiðunarmarkanna fyrir losun, sem sett eru í A-dálki í b-lið V. viðauka eða, ef við á, 97% af 30 mínútna meðalgildunum yfir árið fara ekki yfir einhver viðmiðunarmarkanna fyrir losun sem sett eru í B-dálki í b-lið í V. viðauka;
- c) ekkert af meðalgildunum á sýnatökutímanum, sem ákveðin voru fyrir þungmálma og díoxín og fúrön, fer yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru í c- og d-lið V. viðauka eða II. viðauka;
- d) ákvæði annars undirliðar e-liðar í V. viðauka eða II. viðauka eru uppfyllt.

11. Ákvarða skal 30 og 10 mínútna meðalgildi á virkum starfstíma (að undanskildum ræsingar- og stöðvunartíma ef ekki er verið að brenna úrgang) út frá mældum gildum þegar búið er að draga frá gildi öryggisbilsins sem tilgreint er í 3. lið III. viðauka. Dagleg meðalgildi skulu ákvörðuð út frá þessum fullgiltu meðalgildum.

Til að fá gilt, daglegt meðalgildi skal ekki sleppa meira en fimm 30 mínútna meðalgildum á einum degi vegna bilunar eða viðhalds á samfellda mælikerfinu. Ekki skal sleppa fleiri en tíu daglegum meðalgildum á ári vegna bilunar eða viðhalds á samfellda mælikerfinu.

12. Meðalgildin á sýnatökutímanum og meðalgildin, ef um er að ræða reglulegar mælingar á HF, HCl og SO<sub>2</sub>, skulu ákvörðuð í samræmi við kröfurnar í 2. og 4. mgr. 10. gr. og III. viðauka.

13. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. og eins fljótt og viðeigandi mæliaðferðir eru til reiðu í bandalaginu, hvaða dag á að hefja samfelldar mælingar á viðmiðunarmörkum fyrir losun í andrúmsloftið fyrir þungmálma, díoxín og fúrön í samræmi við III. viðauka.

14. Eftirfarandi mælingar skulu fara fram á þeim stað þar sem úrgangsvatn er losað:

- a) samfelldar mælingar á færíbreytunum sem um getur í b-lið 6. mgr. 8. gr.;
- b) daglegar mælingar á heildarmagni svifagna með punktsýnatöku. Að öðrum kosti er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um mælingar á sýni sem er dæmigert fyrir hlutfallslegt rennsli á 24 klukkustunda tímabili;
- c) a.m.k. mánaðarlegar mælingar á sýni, sem er dæmigert fyrir hlutfallslegt rennsli á 24 klukkustunda tímabili, vegna losunar mengandi efna sem um getur í 3. mgr. 8. gr. og sem tilgreind eru í 2. – 10. lið í IV. viðauka;

d) mælingar á díoxínnum og fúrönnum á minnst sex mánaða fresti. Hins vegar skal gera minnst eina mælingu á þriggja mánaða fresti fyrstu 12 mánuði starfseminnar. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða mælitímabil ef þau hafa sett viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir fjölhringa vetniskolefni eða önnur mengunarefni.

15. Vöktun á massa mengunarefna í hreinsuðu úrgangsvatni skal fara fram í samræmi við löggjöf bandalagsins og mælt skal fyrir um hana í leyfinu, svo og tíðni mælinga.

16. Líta skal svo á að viðmiðunarmörk fyrir losun í vatn séu virt ef:

- 95 og 100% mældu gildanna fyrir heildarmagn svifagna (mengunarefni nr. 1) fara ekki yfir viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í IV. viðauka;
- ekki fleiri en ein mæling á ári fer yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun, að því er varðar þungmálma (mengunarefni nr. 2 til 10), sem sett eru fram í IV. viðauka; eða ef aðildarríkið kveður á um fleiri en 20 sýni á ári skulu ekki fleiri en 5% þessara sýna fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í IV. viðauka;
- mælingarnar, sem fara fram tvisvar á ári á díoxínnum og fúrönnum (mengunarefni nr. 11), fara ekki yfir viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í IV. viðauka.

17. Ef mælingarnar sýna að farið hafi verið yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun í andrúmsloft og vatn skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum án tafar.

12. gr.

#### Aðgangur að upplýsingum og þátttaka almennings

1. Með fyrirvara um tilskipun ráðsins 90/313/EBE<sup>(1)</sup> og tilskipun 96/61/EB skal gera umsóknir um ný leyfi fyrir brennslu- og sambrennslustöðvar aðgengilegar almenningi á einum eða fleiri stöðum, svo sem á skrifstofum staðaryfirvalda, í hæfilegan tíma til að hægt sé að leggja fram athugasemdir við þær áður en lögbært yfirvald tekur ákvörðun. Almennigur skal einnig hafa aðgang að þeirri ákvörðun og síðari breytingum, að meðtöldu minnst einu afriti af leyfinu.

2. Fyrir brennslu- og sambrennslustöðvar með nafnafköst sem nema meira en tveimur tonnum á klukkustund og þrátt fyrir 2. mgr. 15. gr. í tilskipun 96/61/EB skal árleg skýrsla, sem rekstraraðilinn á að gefa lögbæra yfirvaldinu um rekstur og vöktun stöðvarinnar, gerð aðgengileg almenningi. Lágmarkskrafa er að í þessari skýrslu sé gerð grein fyrir því hvernig ferlið gengur fyrir sig og losuninni í andrúmsloft og vatn í samanburði við losunarstaðlana í þessari tilskipun. Lögbært yfirvald skal útbúa skrá yfir brennslu- eða sambrennslustöðvar með nafnafköst undir

tveimur tonnum á klukkustund og hún skal gerð aðgengileg almenningi.

13. gr.

#### Óeðlileg rekstrarskilyrði

1. Í leyfinu skulu lögbær yfirvöld mæla fyrir um hve lengi óumflýjanleg stöðvun af tæknilegum orsökum, röskun eða bilun á hreinsibúnaði eða mælibúnaði má vara og hve lengi styrkur þeirra efna, sem tilskipun þessi tekur til og losuð eru út í andrúmsloftið og sem eru í hreinsaða úrgangsvatninu, má vera yfir fyrirskipuðum viðmiðunarmörkum fyrir losun.

2. Ef um bilun er að ræða skal rekstraraðilinn draga úr eða hætta starfsemi eins fljótt og auðið er þar til stöðin getur hafið eðlilega starfsemi á ný.

3. Með fyrirvara um c-lið 3. mgr. 6. gr. skal ekki undir neinum kringumstæðum brenna í brennslu- eða sambrennslustöð eða brennslulínu úrgang í meira en fjórar klukkustundir samfleytt ef farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir losun. Enn fremur má rekstur við þessi skilyrði á einu ári ekki vara lengur en 60 klukkustundir samanlagt. Þessi 60 klukkustunda mörk eiga við um þær línur í allri stöðinni sem tengjast einum og sama hreinsibúnaðinum fyrir útblástursloft.

4. Heildarmagn ryks, sem brennslustöð losar út í andrúmsloftið, skal ekki undir neinum kringumstæðum fara yfir 150 mg/m<sup>3</sup> gefið upp sem 30 mínútna meðaltal. Enn fremur skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun fyrir kolsýring og heildarmagn lífræns kolefnis. Öll önnur skilyrði, sem um getur í 6. gr., skulu uppfyllt.

14. gr.

#### Endurskoðunarákvæði

Með fyrirvara um tilskipun 96/61/EB skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 31. desember 2008 sem byggist á reynslunni af beitingu þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar nýjar stöðvar og á framförum sem náðst hafa í aðferðum við eftirlit með losun og á reynslu af meðhöndlun úrgangs. Enn fremur skal skýrslan byggjast á þróun í tækni, reynslunni af rekstri stöðvanna og kröfum í umhverfismálum. Í þessari skýrslu verður að finna sérstakan hluta um beitingu viðauka II.1.1 og einkum um hvort það er efnahags- og tæknilega mögulegt að krefjast þess að þeir sementsofnar, sem eru í rekstri og tilgreindir eru í neðanmálsgreininni við viðauka II.1.1, skuli uppfylla þau viðmiðunarmörk um losun fyrir NO<sub>x</sub> sem tilgreind eru í viðaukanum fyrir nýja sementsofna. Þessari skýrslu skulu, eftir því sem við á, fylgja tillögur um endurskoðun á viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal hins vegar, eftir því sem við á, leggja til breytingu á viðauka II.3 áður en framangreind skýrsla er lögð fram ef miklu magni af úrgangi er beint til sambrennslustöðva sem eru annarrar tegundar en þær sem fjallað er um í viðaukum II.1 og II.2.

<sup>(1)</sup> Tilskipun ráðsins 90/313/EBE frá 7. júní 1990 um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál (Stjtið. EB L 158, 23.6.1990, bls. 56). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

15. gr.

**Skýrslugjöf**

Taka skal saman skýrslur um framkvæmd þessarar tilskipunar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr. í tilskipun ráðsins 91/692/EBE. Fyrsta skýrslan skal taka til a.m.k. alls fyrsta þriggja ára tímabilsins eftir 28. desember 2002 og vera í samræmi við tímabilin sem um getur í 17. gr. í tilskipun 94/67/EB og í 3. mgr. 16. gr. í tilskipun 96/61/EB. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin útbúa viðeigandi spurningalista í tæka tíð.

16. gr.

**Síðari aðlögun tilskipunarinnar**

Framkvæmdastjórnin skal í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr., breyta 10., 11. og 13. gr. og I. og III. viðauka í því skyni að aðlaga þau tækniframförum eða nýjum niðurstöðum um jákvæð áhrif þess á heilbrigði að dregið sé úr losun.

17. gr.

**Eftirlitsnefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar eftirlitsnefndar.

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

18. gr.

**Niðurfelling**

Eftirfarandi falli úr gildi frá 28. desember 2005:

1. mgr. 8. gr. og viðaukinn við tilskipun 75/439/EBE
- tilskipun 89/369/EBE
- tilskipun 89/429/EBE
- tilskipun 94/67/EB.

19. gr.

**Viðurlög**

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög sem gilda skulu um brot á innlendum ákvæðum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði í síðasta lagi 28. desember 2002 og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

20. gr.

**Bráðabirgðaákvæði**

1. Með fyrirvara um þau sérstöku bráðabirgðaákvæði, sem kveðið er á um í viðaukunum við þessa tilskipun, skulu ákvæði þessarar tilskipunar gilda um starfandi stöðvar frá 28. desember 2005.

2. Í stað tilskipananna, sem um getur í 18. gr., skal þessi tilskipun gilda frá 28. desember 2002 fyrir nýjar stöðvar, þ.e. stöðvar sem falla ekki undir skilgreininguna „starfandi brennslu- eða sambrennslustöð“ í 6. mgr. 3. gr eða 3. mgr. í þessari grein.

3. Staðbundnar eða færanlegar stöðvar, sem eru ætlaðar til orkuframleiðslu eða framleiðslu vara, eru í rekstri og hafa leyfi í samræmi við gildandi bandalagslögjöf, sé þess krafist, og sem hefja sambrennslu úrgangs eigi síðar en 28. desember 2004 skulu teljast starfandi sambrennslustöðvar.

21. gr.

**Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

22. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

23. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. desember 2000.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

N. FONTAINE

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

F. VÉDRINE

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

**Jafngildisstuðlar fyrir díbensó-p-díoxín og díbensófúrón**

Við ákvörðun á heildarstyrk díoxína og fúrana skal margfalda massastyrk eftirfarandi díbensó-p-díoxína og díbensófúrana með eftirfarandi jafngildisstuðlum áður en lagt er saman:

		Eiturjafngildisstuðull
2,3,7,8	— Tetraklórdíbensódíoxín (TCDD)	1
1,2,3,7,8	— Pentaklórdíbensódíoxín (PeCDD)	0,5
1,2,3,4,7,8	— Hexaklórdíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,6,7,8	— Hexaklórdíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,7,8,9	— Hexaklórdíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,4,6,7,8	— Heptaklórdíbensódíoxín (HpCDD)	0,01
	— Oktaklórdíbensódíoxín (OCDD)	0,001
2,3,7,8	— Tetraklórdíbensófúran (TCDF)	0,1
2,3,4,7,8	— Pentaklórdíbensófúran (PeCDF)	0,5
1,2,3,7,8	— Pentaklórdíbensófúran (PeCDF)	0,05
1,2,3,4,7,8	— Hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,6,7,8	— Hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,7,8,9	— Hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
2,3,4,6,7,8	— Hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,4,6,7,8	— Heptaklórdíbensófúran (HpCDF)	0,01
1,2,3,4,7,8,9	— Heptaklórdíbensófúran (HpCDF)	0,01
	— Oktaklórdíbensófúran (OCDF)	0,001

## II. VIÐAUKI

## ÁKVÖRDUN Á VIÐMIÐUNARMÖRKUM FYRIR LOSUN Í ANDRÚMSLOFTIÐ FYRIR SAMBRENNSLU ÚRGANGS

Beita skal eftirfarandi formúlu (blöndunarreglu) þegar sérstök viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun „C“ hafa ekki verið sett í töflu í þessum viðauka.

Viðmiðunarmörkin fyrir hvert viðkomandi mengunarefni og kolsýring í útblásturslofti, sem myndast við sambrennslu úrgangs, skal reikna á eftirfarandi hátt:

$$\frac{V_{\text{úrg.}} \times C_{\text{úrg.}} + V_{\text{vinnsla}} \times C_{\text{vinnsla}}}{V_{\text{úrg.}} + V_{\text{vinnsla}}} = C$$

$V_{\text{úrg.}}$ : rúmmál útblásturslofts sem myndast við brennslu á úrgangi sem aðeins er ákvarðað út frá úrgangi með lægsta varmagildi sem tilgreint er í leyfinu og umreiknað við skilyrðin sem tilgreind eru í þessari tilskipun.

Ef varminn, sem losnar við brennslu hættulegs úrgangs, er minni en 10% af heildarvarmanum sem losnar í stöðinni skal  $V_{\text{úrg.}}$  reiknað út frá (fræðilegu) magni úrgangs sem við brennslu myndi samsvara 10% af losuðum varma við fasta heildarlosun varma.

$C_{\text{úrg.}}$ : viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fyrir brennslustöðvar í V. viðauka fyrir viðeigandi mengunarefni og kolsýring.

$V_{\text{vinnsla}}$ : rúmmál útblásturslofts sem myndast við vinnslu stöðvarinnar, þ.m.t. brennsla leyfilegs eldsneytis sem venjulega er notað í stöðinni (að undanskildum úrgangi), sem er ákvarðað á grundvelli súrefnisinnihalds samkvæmt viðmiðunum í ákvæðum bandalagsins eða aðildarríkjanna. Ef engin ákvæði eru til um þessa gerð stöðvar verður að miða við raunverulegt súrefnisinnihald í útblástursloftinu án þess að þynna það með viðbótarlofti sem er ekki nauðsynlegt fyrir vinnsluna. Önnur skilyrði, sem höfð eru til grundvallar, eru tilgreind í þessari tilskipun.

$C_{\text{vinnsla}}$ : viðmiðunarmörk fyrir losun eins og mælt er fyrir um í töflum þessa viðauka fyrir ákveðnar iðngreinar eða, ef slík tafla eða gildi liggja ekki fyrir, viðmiðunarmörk fyrir losun viðeigandi mengunarefna og kolsýrings í útblásturslofti frá stöðvum sem uppfylla skilyrði innlendra laga og stjórnslufyrirmæla um slíkar stöðvar þegar þær brenna eldsneyti sem venjulega er leyft (að undanskildum úrgangi). Ef engar slíkar ráðstafanir eru fyrir hendi skal miða við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem mælt er fyrir um í leyfinu. Ef engin slík viðmiðunarmörk eru fyrir hendi í leyfinu eru raunverulegir massastyrkleikar notaðir.

C: viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun og súrefnisinnihald eins og mælt er fyrir um í töflum þessa viðauka fyrir ákveðnar iðngreinar og ákveðin mengunarefni eða, ef slík tafla eða slík viðmiðunarmörk liggja ekki fyrir, viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun fyrir kolsýring og viðeigandi mengunarefni sem koma í stað viðmiðunarmarkanna fyrir losun eins og mælt er fyrir um í sérstökum viðaukum við þessa tilskipun. Heildarsúrefnisinnihaldið, sem kemur í stað súrefnisinnihaldsins sem notað er við stöðlun, er reiknað út á grundvelli framangreinds innihalds með hliðsjón af hlutarúmmálinu.

Aðildarríkjnum er heimilt að mæla fyrir um reglur sem gilda um undanþágurnar sem kveðið er á um í þessum viðauka.

## II.1. Sérákvæði fyrir sementsofna þar sem úrgangur er sambrenndur

Dagleg meðalgildi (fyrir samfelldar mælingar). Sýnatökutímabil og aðrar mælirikröfur eins og í 7. gr. Öll gildi í  $\text{mg}/\text{m}^3$  (díoxín og fúrön  $\text{ng}/\text{m}^3$ ). Einungis er þörf á 30 mínútna meðalgildum með tilliti til útreiknings á daglegum meðalgildum.

Niðurstöður mælinganna, sem gerðar eru til að sannprófa að viðmiðunarmörkin fyrir losun séu virt, skulu staðlaðar við eftirfarandi skilyrði: hitastig 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 10% súrefni, þurr loft.

## II.1.1. C — viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun

Mengunarefni	C
Heildarmagn ryks	30
Saltsýra (HCl)	10
Flússýra (HF)	1
Köfnunarefnisoxíð ( $\text{NO}_x$ ) fyrir starfandi stöðvar	800
Köfnunarefnisoxíð ( $\text{NO}_x$ ) fyrir nýjar stöðvar	500 <sup>(1)</sup>

Mengunarefni	C
Cd + Tl	0,05
Hg	0,05
Sb + As + Pb + Cr + Co + Cu + Mn + Ni + V	0,5
Díóxín og fúrön	0,1

(<sup>1</sup>) Þegar viðmiðunarmörkin fyrir losun fyrir köfnunarefnisoxíð koma til framkvæmda skal ekki líta á sementsofna, sem eru í rekstri og veitt hefur verið leyfi fyrir í samræmi við gildandi bandalagslöggjöf og þar sem hafin er sambrennsla úrgangs eftir þann dag sem um getur í 3. mgr. 20. gr., sem nýjar stöðvar.

Til 1. janúar 2008 er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita undanþágur fyrir köfnunarefnisoxíð þegar um er að ræða starfandi sementsofna til blautvinnslu eða sementsofna þar sem brennt er minna en þremur tonnum af úrgangi á klukkustund, að því tilskildu að í leyfinu sé ekki gert ráð fyrir því að viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun fyrir köfnunarefnisoxíð séu hærri en 1200 mg/m<sup>3</sup>.

Til 1. janúar 2008 er lögbæru yfirvaldi heimilt að veita undanþágur fyrir ryk þegar um er ræða sementsofna þar sem brennt er minna en þremur tonnum af úrgangi á klukkustund, að því tilskildu að í leyfinu sé ekki gert ráð fyrir því að viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun séu hærri en 50 mg/m<sup>3</sup>.

#### II.1.2. C — viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun fyrir brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>) og heildarmagn lífræns kolefnis

Mengunarefni	C
SO <sub>2</sub>	50
Heildarmagn lífræns kolefnis	10

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að veita undanþágur í þeim tilvikum þar sem heildarmagn lífræns kolefnis og brennisteinsdíoxíðs stafar ekki af brennslu úrgangs.

#### II.1.3. Viðmiðunarmörk fyrir losun kolsýrings

Lögbært yfirvald getur sett viðmiðunarmörk fyrir losun kolsýrings.

### II.2. Sérákvæði fyrir sambrennsluver fyrir úrgang

#### II.2.1. Dagleg meðalgildi

Ef sett eru strangari viðmiðunarmörk fyrir losun þegar um er að ræða stór brennsluver, í samræmi við framtíðarlöggjöf bandalagsins með fyrirvara um tilskipun 88/609/EBE skulu þau, þegar um er að ræða stöðvarnar og mengunarefni, koma í stað viðmiðunarmarkanna fyrir losun sem mælt er fyrir um í eftirfarandi töflum (C<sub>vinnsla</sub>). Í því tilviki skulu eftirfarandi tölur lagaðar án tafar að þessum strangari viðmiðunarmörkum fyrir losun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

Einungis er þörf á 30 mínútna meðalgildum með tilliti til útreiknings á daglegum meðalgildum.

C<sub>vinnsla</sub>:

C<sub>vinnsla</sub> fyrir fast eldsneyti gefið upp í mg/Nm<sup>3</sup> (O<sub>2</sub>-innihald 6%):

Mengunarefni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO <sub>2</sub> að jafnaði		850	850 til 200 (línuveg lækkingur úr 100 í 300 MWth)	200
innlent eldsneyti		eða hlutfall brenni- steinshreinsunar ≥ 90%	eða hlutfall brenni- steinshreinsunar ≥ 92 %	eða hlutfall brenni- steinshreinsunar ≥ 95 %
köfnunarefnisoxíð		400	300	200
ryk	50	50	30	30

Til 1. janúar 2007 og með fyrirvara um viðeigandi löggjöf bandalagsins gilda viðmiðunarmörkin fyrir losun fyrir köfnunarefnisoxíð ekki um stöðvar þar sem einungis er sambrenndur hættulegur úrgangur.

Til 1. janúar 2008 er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita undanþágur fyrir köfnunarefnisoxíð og brennisteinsdíoxíð þegar um er að ræða starfandi sambrennslustöðvar á bilinu 100 til 300 MWth þar sem notuð er svifbeðstækni og föstu eldsneyti er brennt, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir gildi á  $C_{\text{vinnslu}}$  sem er ekki hærra en  $350 \text{ mg/Nm}^3$  fyrir  $\text{NO}_x$  og ekki hærra en  $850 \text{ til } 400 \text{ mg/Nm}^3$  (línuleg lækkun úr 100 í 300 MWth) fyrir  $\text{SO}_2$ .

$C_{\text{vinnsla}}$  fyrir lífmassa gefið upp í  $\text{mg/Nm}^3$  ( $\text{O}_2$ -innihald 6%):

„Lífmassi“: afurðir að heild eða hluta úr hvers kyns jurtaefni frá landbúnaði eða skógrækt, sem nota má til að vinna úr orku, ásamt úrgangi sem er tilgreindur í i- til v-undirliði í a-lið 2. mgr. 2. gr.

Mengunarefni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
$\text{SO}_2$		200	200	200
$\text{NO}_x$		350	300	300
ryk	50	50	30	30

Til 1. janúar 2008 er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita undanþágur fyrir  $\text{NO}_x$  þegar um er að ræða starfandi sambrennslustöðvar á bilinu 100 til 300 MWth þar sem notuð er svifbeðstækni og lífmassa er brennt, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir gildi á  $C_{\text{vinnslu}}$  sem er ekki hærra en  $350 \text{ mg/Nm}^3$ .

$C_{\text{vinnsla}}$  fyrir fljótandi eldsneyti gefið upp í  $\text{mg/Nm}^3$  ( $\text{O}_2$ -innihald 3%):

Mengunarefni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
$\text{SO}_2$		850	850 til 200 (línuleg lækkun úr 100 í 300 MWth)	200
$\text{NO}_x$		400	300	200
ryk	50	50	30	30

#### II.2.2. C — viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun

C er gefið upp í  $\text{mg/Nm}^3$  ( $\text{O}_2$ -innihald 6%). Öll meðalgildi á sýnatökutímabilinu sem er að lágmarki 30 mínútur og að hámarki 8 klukkustundir:

Mengunarefni	C
Cd + Tl	0,05
Hg	0,05
Sb + As + Pb + Cr + Co + Cu + Mn + Ni + V	0,5

C er gefið upp í  $\text{ng/Nm}^3$  ( $\text{O}_2$ -innihald 6%). Öll meðalgildi sem mæld eru á sýnatökutímabili sem er að lágmarki 6 klukkustundir og að hámarki 8 klukkustundir:

Mengunarefni	C
Dioxín og fúrön	0,1

#### II.3. Sérákvæði um iðngreinar sem ekki falla undir II.1 eða II. 2 þar sem sambrennsla á úrgangi fer fram

##### II.3.1. C — viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun:

C er gefið upp í  $\text{ng/Nm}^3$ . Öll meðalgildi sem mæld eru á sýnatökutímabili sem er að lágmarki 6 klukkustundir og að hámarki 8 klukkustundir:



Mengunarefni	C
Díoxín og fúrón	0,1

C er gefið upp í mg/Nm<sup>3</sup>. Öll meðalgildi á sýnatökutímabilinu sem er að lágmarki 30 mínútur og að hámarki 8 klukkustundir:

Mengunarefni	C
Cd + Tl	0,05
Hg	0,05

### III. VIÐAUKI

#### Mæliaðferðir

- Mælingar, sem eru gerðar til að ákvarða styrk mengandi efna í andrúmslofti og vatni, skulu gerðar á dæmigerðan hátt.
- Sýnataka og greining mengunarefna, þ.m.t. díoxína og fúrana, sem og viðmiðunarmæliaðferðir til að kvarða sjálfvirk mælikerfi, skulu framkvæmdar eins og tilgreint er í stöðlum staðlasamtaka Evrópu (CEN-stöðlum). Ef CEN-staðlar eru ekki tiltækir skulu ISO-staðlar gilda eða innlendir eða alþjóðlegir staðlar sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.
- Að því er varðar daglegu viðmiðunarmörkin fyrir losun skulu gildin fyrir 95% öryggisbil einstakra mæliniðurstaðna ekki fara yfir eftirfarandi hundraðshluta viðmiðunarmarkanna fyrir losun:

Kolsýringur:	10%
Brennisteinsdíoxíð:	20%
Köfnunarefnisdíoxíð:	20%
Heildarmagn ryks:	30%
Heildarmagn lifræns kolefnis:	30%
Vetnisklórið:	40%
Vetnisflúoríð:	40%.

## IV. VIÐAUKI

## Viðmiðunarmörkin fyrir losun vegna losunar úrgangsvatns sem fellur til við hreinsun útblásturslofts

Mengandi efni	Viðmiðunarmörk fyrir losun, gefin upp sem massastyrkur fyrir ósíuð sýni	
	95%	100%
1. Heildarmagn svifagna eins og skilgreint er í tilskipun 91/271/EBE	30 mg/l	45 mg/l
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess, gefin upp sem kvikasilfur (Hg)	0,03 mg/l	
3. Kadmíum og efnasambönd þess, gefin upp sem kadmíum (Cd)	0,05 mg/l	
4. Þallíum og efnasambönd þess, gefin upp sem þallíum (Tl)	0,05 mg/l	
5. Arsen og efnasambönd þess, gefin upp sem arsen (As)	0,15 mg/l	
6. Blý og efnasambönd þess, gefin upp sem blý (Pb)	0,2 mg/l	
7. Króm og efnasambönd þess, gefin upp sem króm (Cr)	0,5 mg/l	
8. Kopar og efnasambönd hans, gefin upp sem kopar (Cu)	0,5 mg/l	
9. Nikkel og efnasambönd þess, gefin upp sem nikkell (Ni)	0,5 mg/l	
10. Sink og efnasambönd þess, gefin upp sem sink (Zn)	1,5 mg/l	
11. Díoxín og fúrón, skilgreind sem summa einstakra díoxína og fúrana, metin í samræmi við I. viðauka	0,3 mg/l	

Til 1. janúar 2008 er lögbæru yfirvaldi heimilt að veita undanþágur fyrir heildarmagn svifagna þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir að 80% mældu gildanna fari ekki yfir 30 mg/l og ekkert þeirra fari yfir 45 mg/l.

## V. VIÐAUKI

## VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR LOSUN Í ANDRÚMSLOFTIÐ

a) **Dagleg meðalgildi**

Heildarmagn ryks	10 mg/m <sup>3</sup>
Lífræn efni í loftkenndu og eimkenndu ástandi, gefin upp sem heildarmagn lífræns kolefnis	10 mg/m <sup>3</sup>
Vetnisklórið (HCl)	10 mg/m <sup>3</sup>
Vetnisflúórið (HF)	1 mg/m <sup>3</sup>
Brennisteinsdíoxíð (SO <sub>2</sub> )	50 mg/m <sup>3</sup>
Köfnunarefnismónoxíð (NO) og köfnunarefnisdíoxíð (NO <sub>2</sub> ), gefin upp sem köfnunarefnisdíoxíð þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar með nafnarköstum sem nema meira en 6 tonnum á klukkustund eða nýjar brennslustöðvar	200 mg/m <sup>3</sup> (*)
Köfnunarefnismónoxíð (NO) og köfnunarefnisdíoxíð (NO <sub>2</sub> ), gefin upp sem köfnunarefnisdíoxíð þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar með nafnarköstum sem nema 6 tonnum á klukkustund eða minna	400 mg/m <sup>3</sup> (*)

(\*) Til 1. janúar 2007 og með fyrirvara um viðeigandi (bandalags)öggjöf gilda viðmiðunarmörkin fyrir losun fyrir köfnunarefnisoxíð ekki um stöðvar þar sem einungis er brenndur hættulegur úrgangur.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að veita undanþágur fyrir köfnunarefnisoxíð þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar:

- með nafnarköst sem nema 6 tonnum á klukkustund, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir að dagleg meðalgildi fari ekki yfir 500 mg/m<sup>3</sup> og að þetta gildi til 1. janúar 2008,
- með nafnarköst sem nema > 6 tonnum á klukkustund en ≤ 16 tonnum á klukkustund, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir að dagleg meðalgildi fari ekki yfir 400 mg/m<sup>3</sup> og að þetta gildi til 1. janúar 2010,
- með nafnarköst sem nema > 16 tonnum á klukkustund en < 25 tonnum á klukkustund og þar sem ekki fellur til vatn sem losað er, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir að dagleg meðalgildi fari ekki yfir 400 mg/m<sup>3</sup> og að þetta gildi til 1. janúar 2008.

Til 1. janúar 2008 er lögbæru yfirvaldi heimilt að veita undanþágur fyrir ryk þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir að dagleg meðalgildi fari ekki yfir 20 mg/m<sup>3</sup>.

b) **30 mínútna meðalgildi**

	(100%) A	(97%) B
Heildarmagn ryks	30 mg/m <sup>3</sup>	10 mg/m <sup>3</sup>
Lífræn efni í loftkenndu og eimkenndu ástandi, gefin upp sem heildarmagn lífræns kolefnis	20 mg/m <sup>3</sup>	10 mg/m <sup>3</sup>
Vetnisklórið (HCl)	60 mg/m <sup>3</sup>	10 mg/m <sup>3</sup>
Vetnisflúórið (HF)	4 mg/m <sup>3</sup>	2 mg/m <sup>3</sup>
Brennisteinsdíoxíð (SO <sub>2</sub> )	200 mg/m <sup>3</sup>	50 mg/m <sup>3</sup>
Köfnunarefnismónoxíð (NO) og köfnunarefnisdíoxíð (NO <sub>2</sub> ), gefin upp sem köfnunarefnisdíoxíð þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar með nafnarköstum sem nema meira en 6 tonnum á klukkustund eða nýjar brennslustöðvar	400 mg/m <sup>3</sup> (*)	200 mg/m <sup>3</sup> (*)

(\*) Til 1. janúar 2007 og með fyrirvara um viðeigandi bandalagsöggjöf gilda viðmiðunarmörkin fyrir losun fyrir NO<sub>x</sub> ekki um stöðvar þar sem einungis hættulegur úrgangur er brenndur.

Til 1. janúar 2010 er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita undanþágur fyrir köfnunarefnisoxíð þegar um er að ræða starfandi brennslustöðvar með nafnaköst á bilinu 6 til 16 tonn á klukkustund, að því tilskildu að 30 mínútna meðalgildi fari ekki yfir 600 mg/m<sup>3</sup> fyrir A-dálk eða 400 mg/m<sup>3</sup> fyrir B-dálk.

c) **Öll meðalgildi á sýnatökutímabili sem er að lágmarki 30 mínútur og að hámarki 8 klukkustundir**

Kadmíum og efnasambönd þess, gefin upp sem kadmíum (Cd)		
Þallíum og efnasambönd þess, gefin upp sem þallíum (Tl)	alls 0,05 mg/m <sup>3</sup>	alls 0,1 mg/m <sup>3</sup> (*)
Kvikasilfur og efnasambönd þess, gefin upp sem kvikasilfur (Hg)	0,05 mg/m <sup>3</sup>	0,1 mg/m <sup>3</sup> (*)
Antímon og efnasambönd þess, gefin upp sem antímon (Sb)		
Arsen og efnasambönd þess, gefin upp sem arsen (As)		
Blý og efnasambönd þess, gefin upp sem blý (Pb)		
Króm og efnasambönd þess, gefin upp sem króm (Cr)		
Kóbalt og efnasambönd þess, gefin upp sem kóbalt (Co)	alls 0,5 mg/m <sup>3</sup>	alls 1 mg/m <sup>3</sup> (*)
Kopar og efnasambönd hans, gefin upp sem kopar (Cu)		
Mangan og efnasambönd þess, gefin upp sem mangan (Mn)		
Nikkel og efnasambönd þess, gefin upp sem nikkel (Ni)		
Vanadíum og efnasambönd þess, gefin upp sem vanadíum (Cd)		

(\*) Meðalgildi til 1. janúar 2007 fyrir starfandi stöðvar sem veitt hefur verið rekstrarleyfi fyrir 31. desember 1996 og sem einungis brenna hættulegum úrgangi.

Þessi meðalgildi taka einnig til losunar á viðeigandi þungmálum og efnasamböndum þeirra í loftkenndu og eimkenndu formi.

d) **Öll meðalgildi skulu mæld á sýnatökutímabilinu sem er að lágmarki 6 klukkustundir og að hámarki 8 klukkustundir. Viðmiðunarmörkin fyrir losun vísa til heildarstyrks díoxína og fúrana sem er reiknaður með því að nota hugtakið eiturjafngildi í samræmi við 1. viðauka.**

Díoxín og fúrön	0,1 ng/m <sup>3</sup>
-----------------	-----------------------

e) **Ekki skal fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir CO í brennslufttegundum (að undanskilinni ræsingu og stöðvun):**

- 50 millígrömm/m<sup>3</sup> brennslufttegunda, ákvarðað sem daglegt meðalgildi;
- 150 millígrömm/m<sup>3</sup> brennslufttegunda í a.m.k. 95% allra mælinga, ákvarðað sem 10 mínútna meðalgildi eða 100 mg/m<sup>3</sup> brennslufttegunda í öllum mælingum, ákvörðuð sem 30 mínútna meðalgildi sem mæld eru á einhverju tilteknu 24 klukkustunda tímabili.

Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að veita undanþágur fyrir brennslustöðvar þar sem notuð er svifbeðstækni, að því tilskildu að í leyfinu sé gert ráð fyrir viðmiðunarmörkum fyrir losun fyrir kolsýring sem eru ekki hærri en 100 mg/m<sup>3</sup> sem klukkustundarmeðalgildi.

f) **Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur sem gilda um undanþágurnar sem kveðið er á um í þessum viðauka.**

*VI. VIÐAUKI***Formúla til að reikna út losunarstyrk sem hundraðshluta af staðlaða súrefnisstyrknum**

$$E_S = \frac{21 - O_S}{21 - O_M} \times E_M$$

$E_S$  = reiknaður losunarstyrkur sem hundraðshlutar staðlaða súrefnisstyrksins

$E_M$  = mældur losunarstyrkur

$O_S$  = staðlaður súrefnisstyrkur

$O_M$  = mældur súrefnisstyrkur

---